

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi:

Deiliskipulag Hnoðrahólts og Vetrarmýrar.

Deiliskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir byggingarreit fyrir nýjan golfskála sem getur að hámarki orðið 1.400 m². Núverandi skáli er innan hins nýja byggingarreits. Breytingin gerir ráð fyrir fjölgun bílastæða sem verða alls 175 eftir breytingu. Gert er ráð fyrir 100 bráðabirgðabílastæðum á helgunarsvæði fyrirhugaðs Vífilsstaðavegar eins og hann er sýndur á aðalskipulagsupprætti.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 26. september 2013.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. október 2013